

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1393*  
*komudagur 28.2.2003*



Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 26. febrúar 2003

*Tilvísun: HÍ03020059/004*

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. þ.m., þar sem Háskóla Íslands er gefinn kostur á umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar (373. mál - þskj. 419).

Að mati Háskóla Íslands hefur Ferðamálaráð Íslands staðið að mörgum góðum verkefnum undanfarin ár auk þess sem augljós nauðsyn er á því að stjórnsýsla ferðamála á Íslandi sé í föstum skorðum. Taka má undir að það sé jafnan þarft verk að skoða hvaða leiðir eru vænlegastar til árangurs í starfsemi af þessum toga auk þess sem sérstakt tilefni er til þess nú að huga að rannsóknahlutverki Ferðamálaráðs í ljósi samvinnu sem komist hefur á Ferðamálasetur Íslands. Eðlilegt verður að telja að Háskóli Íslands komi að slíkri könnun á verkefnum Ferðamálaráðs, enda á skólinn aðild að Ferðamálasetri auk þess að stunda rannsóknir á sviði ferðamála og stjórnsýslufræða.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Skúlason'.

Páll Skúlason  
háskólarektor